Menningarmál

Þar sem ekkert gerist

MYNDLIST



eftir Elísabetu Gunnarsdóttur

Öðrum salnum í Klambratúnshúsinu hefur verið skipt upp, og eru þar nú tvær einkasýningar, þeirra Veturliða Gunnarssonar og Hafsteins Austmanns. Langt er síðan Hafsteinn hélt einkasýningu síðast, en hann hefur árlega tekið þátt í haustsýningum F.Í.M. Veturliði hélt síðast einkasýningu í Norræna húsinu í fyrra.

Báðir þessir málarar halda áfram á sömu braut og þeir hafa áður markað sér, svo fátt kemur á óvart. Flestar myndir Veturliða eru stemmingamyndir frá sjávarsíðunni, og það er sama sagan og fyrr, í hita augnabliksins hættir honum til að láta stemminguna bera málarann ofurliði. Veturliði er mikill náttúruunnandi og margar mynda hans eru frá átthögunum á Vestfjörðum, en eins og oft vill verða, þegar menn flytjast burtu, sér hann æskustöðvarnar gegnum ljósrauða hulu minninganna. Viðfangsefni hans er ekki daglegt líf útgerðarbæjanna, heldur rökkurkyrrð við mannlausa bátana í fjörukambinum. Skerandi bjart sólskin eða útsynningshraglandi á ekki vel við rómantíkerinn.

Ellidauð sætsúpa

Ég veit ekki hvað helst er hægt að segja um sýningu Hafsteins Austmanns. Ég held ég hafi sjaldan eða aldrei séð neitt flatneskjulegra. Það er ekki einu sinni hægt að líkja þessu við kunnáttuleysi og klaufaskap sunnudagamálara. Þeir eru þó margir alvarlega þenkjandi í framkvæmdum sínum og taka þetta tómstundagaman sitt mjög hátíðlega. En maður sem telur sig listmálara getur ekki endalaust haldið áfram að mála innihaldslausa útþynningu á ellidauðri sætsúpu. Um svonalagað er best að segja sem fæst, þó einhverjir kunni að telja það fróðlegt og jafnvel nauðsynlegt að skoða alla enda og kanta myndlistarinnar til að fá raunhæfan samanburð. Það má líka vel vera að stjórn Klambratúnshússins hafi endurskoðað afstöðu sína, frá því að hún úthýsti Ragnari Páli og hafi því tekið þessa sýningu inn. Slíkt er svo sem allt í lagi, ef við fáum þá tækifæri til að gera raunhæfan samanburð, með því að skoða eitthvað annað og merkilegra.

Alltaf á óvart

Það hefur ekki verið hátt risið á starfsemi hússins undanfarið, en þá undanskil ég auðvitað Kjarvalssýninguna sem er í salnum í hinum enda hússins. Það er mikill léttir að koma þangað inn, eftir að hafa gengið í gegnum hinar sýningar tvær. Kjarval kemur á óvart í hvert skipti. Þar er engin lágkúra eða tilfinningavella. Þar er rismikill tilfinningamaður sem beitir litum og formi af kunnáttu og litillæti. Auðvitað voru Kjarval mislagðar hendur eins og öðrum, og þarna verður að líkindum fátt sýnt annað en hans bestu verk. Þau eru líka svo sannarlega þess virði að sjá þau. Þess vegna þarf að gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir að Kjarvalssalurinn falli í gleymsku, líkt og listasafnið við Hringbraut. Það er lítill vegsauki að reisa hús yfir verk Kjarvals, ef litið er gert til að draga fólk að staðnum.


Ég hef að vísu engar tölur um aðsókn að Kjarvalssalnum, en þar hafa jafnan verið fáir á ferli þegar ég hef komið þangað. Ótti minn við að þetta verði grafhvelfing Kjarvals kann líka að stafa af þeirri reynslu sem komin er af starfsemi listasafnsins. Sú stofnun vaknar sjaldan af þyrnirósusvefninum, og aðsókn að því virðist líka aðallega borin uppi af gestum þjóðminjasafnsins og erlendum ferðamönnum, enda gerist þar fátt, sem vakið gæti athygli á stofnuninni.



Hafsteinn Austmann við eitt verka sinna.

Á FALLEGAN MÁTA

TÓNLIST



eftir Jón Kristin Cortez

Sinfóníuhljómsveit Íslands: tónleikar í Háskólabíói, 21. mars. Stjórnandi: Karsten Andersen Einleikari: Gisela Depkat.

Þegar Karsten Andersen stjórnar sinfóníuhljómsveitinni er eins og allt gangi vel. Hljómsveitarmenn eru afslappaðir, leika af öryggi undir röggsamri stjórn Andersens. En á þessum tónleikum hefði hann mátt örva menn betur til dáða. Mér fannst hljómsveitin of dauf og bragðlaus, svo að ekki var fulla ánægju að hafa af tónleikunum.

Hector Berlioz, þessi margumdeildi snillingur 19. aldarinnar var fyrstur á efnisskrá. Hann samdi alls konar tónverk, allt frá litlum sönglögum upp í mikil verk eins og Sálumessuna, sem krefst gríðarstórrar hljómsveitar, svo stórrar, að við munum sennilega aldrei heyra það flutt hér á landi. En óperur hans voru mislukkaðar að mestu, og er það undarlegt, því þær virtust hæfa skapgerð hans bezt.

Frábær cellóleikur

Við heyrðum forleikinn að óperunni Benvenuto Cellini, þann fyrri, en hann samdi tvo, þekktari er Carnaval Romain, sem er forleikur annars þáttar. Stef þessa fyrri þáttar eru að mestu tekin úr óperunni sjálfri, en síðari hlutarnir eru byggðir á eintalsariu kardinálans, söng trúðsins, og ástardúetti Cellinis og Teresu. Hljómsveitarstærðin er í engu óvenjuleg, nema hvað slagverkið er aukið um bassatrommu og pákur, en Berlioz hafði mikið gaman af miklu slagverki. Hljómsveitin lék forleikinn af miklu öryggi, og sérstaklega var stef kardinálans fallega unnið. Allt verkið var leikið af ákveðni og snerpu, þar sem við átti, en einnig viðkvæmni og fegurð. Stjórnandinn náði án fyrirhafnar fram því sem hann vildi, hljómsveitin var eins og vel smurð vél.

Margir reglulegir tónleikagestir hafa eflaust ekki gert sér grein fyrir hve frábæran 1. cellista við höfum í sinfóníunni. Gisela Gepkat hljóp í skarðið fyrir Gunnar Kvaran, sem forfallaðist vegna veikinda. Frábær tónmyndun,



Gisela Depkat.

öryggi og festa í framsögn, fallegar hendingar: allt þetta færði okkur cellókonsert Roberts Schumanns á fallegan máta. Schumann samdi fjóra konserta, fyrir píanó, fiðlu og einn sérlega Bachlegan, fyrir fjögur horn. Hann var aldrei fyllilega ánægður með celló-konsertinn, það var ekki hans hljóðfæri, og hann var sífellt að gera einhverjar breytingar. Hann var fljótur að semja konsertinn, hann lauk við einleikshljóðfærið á einni viku, í október 1850, og áður en mánuðurinn var úti, var hljómsveitarútsetningin að mestu fullbúin. En eins og áður sagði, var hann sífellt að breyta, svo verkið komst ekki í prentun fyrr en 1852. Enn tók það tvö ár að fullkomna verkið, af sömu ástæðum. Schumann heyrði konsertinn sennilega aldrei, því hann fór sjálfur á geðveikrahæli þar sem hann lézt 1856.


Gott jafnvægi var yfirleitt í flutningi einleikara og hljómsveitar, þótt það vildi brenna við, að miðsvið einleikshljóðfærisins vildi kafna. Cellótónn Depkat er ákaflega fallegur, að vísu nokkuð grannur að mínum smekk, en mjög jafn.

Vantaði neista

Beethoven samdi þriðju sinfóníu sína, „Eroica", árið 1804. Í sjálfu sér er ekkert undarlegt við það ártal, nema það sé skoðað í ljósi verka hans. Fyrstu sinfóníuna samdi Beethoven árið 1800, aðra sinfóníuna 1802, en eins og fyrr segir, þá þriðju 1804. Þegar Beethoven samdi verkið, voru miklir umrótstímar í Evrópu. Hann var ákaflega hrifinn af Napóleon, og var sinfónían tileinkuð honum, eða þar til Napóleon krýndi sjálfan sig sem keisara. Þá reiddist Beethoven gífurlega, sem frægt er orðið, og reif titilblaðið í sundur, en verkið stóð eftir, mikilfenglegt og hetjulegt í uppbyggingu.

Hljómsveitin hefur áður leikið þetta verk betur. Það var fullmikil afslöppun yfir flutningnum, vantaði þann neista sem þarf til fullkomnunar. Strengirnir náðu ekki tökum á upphafi annars kafla, Sorgarmarsinum, það var ekki fyrr en óbóið og að lokum öll hljómsveitin var komin í spilið, að treginn og söknuðurinn fékk útrás. Strengirnir voru ekki góðir, þeir voru ekki nógu samtaka, það getur verið erfitt að spila mjög veikt, sérstaklega í jafn viðkvæmu stefi og upphafsstef Sorgarmarsins er. Öllu betur tókst með tvöföldu fúguna, þar var snerpan og ákveðnin mun meiri, og er sorgarstefið kom í lok kaflans, tókst mun betur til.

Beethoven notar þrjú skógarhorn í þessari sinfóníu. Var það næsta fátítt á þessum tímum, en hann fór — sem vitað er ekki allt af eftir því, sem „átti" að gera. Þau eru uppistaða tríókaflans. Það er ekki auðvelt að leika hraðar nótnarunur á horn, en hornleikararnir gengu ákveðnir til verks og tókst vel að mestu.



Karsten Andersen

FRÁ FLUGFÉLAGINU

Radíóvirki óskast

Flugfélag Íslands h.f. óskar að ráða radióvirkja til starfa á verkstæði félagsins.
Umsóknareyðublöðum, sem fást á skrifstofum félagsins, sé skilað til starfsmannahalds í síðasta lagi 1. apríl n.k.
Upplýsingar hjá Aðalsteini Jónssyni, yfirmanni radíódeildar.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS